

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Árna Páli Árnasyni um framhaldsskóla, aldur o.fl.

1. *Hve mikið fækkaði nemendaígildum í framhaldsskólum frá skólaárinu 2013–14 til skólaársins 2014–15 og svo til nýbyrjaðs skólaárs samkvæmt áætlun í fjárlagafrumvarpi og hver er ástæða fækkunarinnar? Hversu stór hluti er vegna þess að ekki er lengur greitt með nemendum sem eru 25 ára og eldri?*

Umbeðnar upplýsingar má sjá í eftirfarandi töflu:

**Fækkun ársnemenda í framhaldsskólum 2013–2015.**

Fjárlaga- númer	Skóli	Ársnem. haust13	Ársnem. vor14	Samtals skólaár	Ársnem. haust14	Ársnem. vor15	Samtals skólaár	Áætl. árs- nem. haust15
301	MR	894	876	<b>885</b>	900	877	<b>888</b>	869
302	MA	773	772	<b>772</b>	751	767	<b>759</b>	727
303	ML	174	169	<b>172</b>	141	143	<b>142</b>	154
304	MH	1210	1162	<b>1186</b>	1197	1132	<b>1165</b>	1175
305	MS	711	683	<b>697</b>	702	704	<b>703</b>	695
306	MÍ	263	227	<b>245</b>	251	230	<b>240</b>	257
307	ME	320	268	<b>294</b>	369	359	<b>364</b>	359
308	MK	1154	1073	<b>1114</b>	1131	1094	<b>1112</b>	1029
309	KVSK	702	676	<b>689</b>	698	649	<b>674</b>	707
350	FB	1120	1033	<b>1076</b>	1096	1004	<b>1050</b>	980
351	FÁ	1072	1048	<b>1060</b>	1038	942	<b>990</b>	910
352	FLB	819	767	<b>793</b>	784	697	<b>740</b>	796
353	FS	966	834	<b>900</b>	877	784	<b>831</b>	898
354	FVA	533	454	<b>493</b>	486	434	<b>460</b>	498
355	FÍV	243	210	<b>226</b>	230	192	<b>211</b>	213
356	FNV	350	306	<b>328</b>	365	331	<b>348</b>	369
357	FSu	939	823	<b>881</b>	861	770	<b>816</b>	864
358	VA	197	177	<b>187</b>	186	161	<b>173</b>	193
359	VMA	1123	1023	<b>1073</b>	1138	1027	<b>1082</b>	1044
360	FG	821	774	<b>797</b>	858	764	<b>811</b>	770
361	FAS	123	100	<b>112</b>	97	90	<b>93</b>	121
362	FSH	97	93	<b>95</b>	94	77	<b>86</b>	87
363	FL	113	130	<b>122</b>	134	117	<b>126</b>	111
365	BHS	1131	1069	<b>1100</b>	1069	1029	<b>1049</b>	1010
367	FSN	208	189	<b>198</b>	188	162	<b>175</b>	207
368	MB	161	135	<b>148</b>	129	112	<b>121</b>	144
370	FMOS	186	152	<b>169</b>	262	247	<b>254</b>	284
372	MTR	145	138	<b>142</b>	153	147	<b>150</b>	181

Fjárlaga- númer	Skóli	Ársnem. haust13	Ársnem. vor14	Samtals skólaár	Ársnem. haust14	Ársnem. vor15	Samtals skólaár	Áætl. árs- nem. haust15
504	TS	2036	1702	<b>1869</b>	1865	1715	<b>1790</b>	2138
516	IH	459	403	<b>431</b>	437	381	<b>409</b>	0
581	VÍ	1473	1397	<b>1435</b>	1485	1384	<b>1434</b>	1320
		20517	18863	<b>19690</b>	19970	18521	<b>19246</b>	19112
				<i>Breyting milli skólaára</i>			2,3%	
				<i>Nemendum fækkar um:</i>			444	

Misskilnings gætir í fyrirspurninni á aðgengi nemenda í framhaldsskólann. Skólum er ætlað að innrita samkvæmt reglugerð um innritun 1150/2008 og er þar lýst þeirri forgangsröð sem gildir um inntöku nemenda og bætt var við með breytingum 2012.

Eftirfarandi forgangsröðun umsókna skal lögð til grundvallar við innritun tilgreindra nemendahópa:

- nemendur sem flytjast milli anna eða skólaára í núverandi skóla, að meðtöldum nemendum yngri en 18 ára með ófullnægjandi námsárangur sem hafa haldið skólareglur að öðru leyti,
- nemendur á starfsbrautum fatlaðra,
- nýnemar sem útskrifast úr grunnskóla á næstliðnu vori fyrir upphaf skólaárs,
- umsækjendur yngri en 18 ára sem eru að sækja um í fyrsta sinn,
- umsækjendur yngri en 18 ára sem eru að sækja um eftir hlé á námi,
- umsækjendur yngri en 18 ára sem flytjast milli framhaldsskóla,
- aðrir umsækjendur yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði,
- aðrir umsækjendur um dagskóla, og
- umsækjendur um fjarnám eða kvöldskóla.

Framhaldsskólarnir bera samkvæmt reglugerðinni ábyrgð á innritun og er þeim skylt að beita þeirri forgangsröðun sem hér kemur fram og tryggja að nemendafjöldi sé í samræmi við tölur í fjárlögum.

Þá skal minnt á að tekið er við nemendum á öllum aldri á starfsnámsbrautir framhaldsskólanna.

Í skjalinu sem vísað er til hér að framan kemur fram að ársnemendum fækkar um 444 eða 2,3% milli skólaáranna 2013–14 og 2014–15. Hluti skýringarinnar er að yngri nemendum fækkar á milli skólaáranna þannig að nýnemar úr grunnskólum og aðrir nemendur á fræðsluskyldualdri í hópi nýinnritaðra eru færri á síðara skólaárinu og nemur sú fækkun 334 nemendum. Fyrra skólárið eru nýinnritaðir undir 18 ára aldri 5169 en 4835 á því síðara. Hér kemur því fleira til en nemendur 25 ára og eldri.

2. *Hve mikið er áætlað að nemendum fækki í framhaldsskólum á yfirstandandi skólaári vegna þess að ekki er lengur greitt með nemendum 25 ára og eldri í bóknámi? Hver er áætlaður sparnaður ríkisins vegna þessarar aðgerðar?*

Ljóst er að nemendur 25 ára og eldri eru færri í framhaldsskólunum nú en á sama tíma og í fyrra. Samkvæmt nýlegri athugun eru fjöldi skráðra 25 ára og eldri á bóknámsbrautir nú 718 en var fyrir ári 1165. Alls eru nú við nám 3642 á þessum aldri en voru 4384 á sama tíma í fyrra. Í fyrra var hlutfall aldurshópsins 17,4% af heildarfjölda nemenda en er nú 15,4%. Ef miðað er við fjölda nemenda í fullu námi, þ.e. ársnemendur, má áætla að þeir séu nú alls 1814 (þar af 305 í bóknámi) en voru í fyrra 2200 (þar af 522 í bóknámi). Áætlaðir ársnemendur 25

ára og eldri teljast nú 9,5% af áætluðum heildarfjölda ársnemenda á haustönn en var í fyrra 10,8%.

Ekki er hér tekin afstaða til þess hvaða skýringar eru á þessari fækkun en rétt er að geta þess að í samantekt frá Menntamálastofnun um innritun í framhaldsskólana nú á haustönn kemur fram að 1134 nemendur í fyrrgreindum aldurshópi sóttu um nám í framhaldsskóla og fengu 1026 skólavist. Af þeim 108 sem var hafnað voru eingöngu 23 umsækjendur um bóknaðsbrautir.

Hvað varðar sparnað ríkisins sem spurt er um þá myndast svigrúm með fækkun eldri nemenda og verður það nýtt til að styrkja rekstrargrunn framhaldsskólanna sem hafa búið við vanfjármögnun um skeið. Þannig er fyrirsjáanlegt að þessi aðgerð ásamt öðrum mun leiða til þess að framlag á hvern nemenda verður hærra og launastika reiknilíkansins, sem hefur legið töluvert (um 20%) undir raunverulegum launakostnaði, mun á næsta ári verða um 4–5% undir.

3. *Hve margir nemendur 25 ára og eldri er áætlað að færist frá framhaldsskólastiginu yfir í Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Keili á ári? Hve margir 25 ára og eldri má áætla að hætti við framhaldsnám þegar framhaldsskólar í heimabyggð fá ekki lengur greitt fyrir að bjóða upp á það?*

Hér skal aftur minnt á að misskilnings gætir í seinni spurningunni en samkvæmt þeim tölum sem ráðuneytið hefur tiltækar er ekki hægt að svara þessu með vissu. Miðað við samantekt um innritun frá Menntamálastofnun eru eingöngu 23 nemendur sem hugsanlega gætu þurft að leita annarra úrræða en framhaldsskólarnir bjóða.

4. *Hvernig verður skipt þeim 105 millj. kr. sem samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að verði varið til fullorðinsfræðslu til að mæta þörf nemenda yfir 25 ára aldri fyrir nám í samræmi við yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins frá 28. maí 2015?*

Meiri hluti 105 millj. kr. framlagsins á lið 02-451 Framhaldsfræðsla rynni til eflingar á grunnstarfsemi ellefu símenntunarmiðstöðva sem öðlast hafa viðurkenningu á grundvelli laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, og sem fá framlög á fjárlögum, sbr. yfirlit í töflu á bls. 42 í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016. Við skiptingu fjáris yrði m.a. horft til hlutfalls af veltu hvernar stöðvar vegna framhaldsfræðslu. Einnig yrði höfð til hliðsjónar áætluð fjárþörf vegna þeirra nemenda, 25 ára og eldri, sem ekki fá inngöngu á bóknaðsbrautir framhaldsskóla vegna ákvæða í innritunarreglum um forgangsroðun umsækjenda og byggjast á upplýsingum um innritun í framhaldsskólana fyrir árið 2016 og eftirspurn þessa hóps eftir námsframboði hjá símenntunarmiðstöðvunum.

5. *Hver eru áætluð útgjöld ríkisins af framlögum til frumgreinanáms við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Keili á yfirstandandi skólaári, sundurliðað eftir stofnunum? Hver er hækkun þeirra útgjalda frá skólaárunum 2013–14 og 2014–15? Hverjar eru horfurnar fyrir skólaárið 2016–17?*

Umbeðnar upplýsingar má sjá í eftirfarandi töflum:

**Framlög til frumgreinanáms skólaárið 2015–2016 (millj. kr.).**

Ár/skóli	Háskólinn í Reykjavík	Háskólinn á Bifröst	Keilir	Samtals
2015–2016	120,2	50,1	119,9	290,1

**Þróun framlaga vegna frumgreinanáms frá skólaárunum  
2013–2014 og 2014–2015 (millj. kr.).**

Ár/skóli	Háskólinn í Reykjavík	Háskólinn á Bifröst	Keilir	Samtals
2013–2014	-0,7	6,1	2,0	7,4
2014–2015	21,0	-5,4	2,0	17,6

**Áætlun um þróun framlaga vegna frumgreinanáms  
til skólaársins 2016–2017 (millj. kr.).**

Ár/skóli	Háskólinn í Reykjavík	Háskólinn á Bifröst	Keilir	Samtals
2016–2017	-5,6	6,0	6,7	7,1

6. *Hversu háum fjárhæðum er varið til lánveitinga úr LÍN til nemenda í frumgreinanámi við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Keili á yfirstandandi skólaári og tveimur síðustu, sundurliðað eftir skólagjaldalánnum annars vegar og framfærslulánnum hins vegar? Hver er spá ráðuneytisins um framtíðarþróun þessara útgjalda að óbreyttum útlánareglum?*

Miklar sveiflur hafa verið í fjölda umsækjenda um námslán vegna frumgreinanáms á undanförunum árum. Umsækjendum fjölgaði verulega á milli árunna 2010–2011 og 2011–2012 eða um 33%. Veruleg fækkun verður síðan í kjölfarið og fækkar umsækjendum á milli 2011–2012 og 2014–2015 um 39%. Miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað og stöðu umsókna í dag þá má gera ráð fyrir 233 lánþegum í frumgreinanámi á þessu skólaári og um 300 millj. kr. í lán vegna þess.

Sjá einnig eftirfarandi töflur:

**Yfirlit yfir lán í frumgreinanám á árunum 2010–2015.**

**Ár 2014–2015**

Skóli	Fjöldi	Skólagjaldalán		Önnur lán*	Veitt lán alls	Fjöldi lánþ.	Meðallán án skólagj.	Meðalheildarlán
		(ISK)	Meðal sk.gj.lán					
Háskólinn á Bifröst	0	0		48.563.492	48.563.492	34	1.428.338	1.428.338
Háskólinn í Reykjavík	94	6.745.000	71.755	100.279.165	107.024.165	111	903.416	964.182
Keilir	143	36.254.497	253.528	153.359.293	189.613.790	155	989.415	1.223.315
Keilir Akureyri	13	4.290.000	330.000	16.880.692	21.170.692	13	1.298.515	1.628.515
<b>Samtals:</b>	<b>250</b>	<b>47.289.497</b>	<b>189.158</b>	<b>319.082.642</b>	<b>366.372.139</b>	<b>313</b>	<b>1.019.433</b>	<b>5.244.349</b>

\*Önnur lán: Hér er aðallega átt við framfærslu- og bókalán.

**Ár 2013–2014**

Skóli	Skólagjaldalán			Önnur lán *	Veitt lán alls	Fjöldi lánþ.	Meðallán án skólagj.	Meðal-heildarlán
	Fjöldi	(ISK)	Meðal sk.gj.lán					
Háskólinn á Bifröst	0	0		116.420.763	116.420.763	75	1.552.277	1.552.277
Háskólinn í Reykjavík	103	8.273.000	80.320	118.467.439	126.740.439	129	918.352	982.484
Keilir	208	54.511.142	262.073	226.591.782	281.102.924	225	1.007.075	1.249.346
Keilir Akureyri	19	6.869.500	361.553	28.848.734	35.718.234	19	1.518.354	1.879.907
<b>Samtals:</b>	<b>330</b>	<b>69.653.642</b>	<b>211.072</b>	<b>490.328.718</b>	<b>559.982.360</b>	<b>448</b>	<b>1.094.484</b>	<b>1.249.961</b>

\*Önnur lán: Hér er aðallega átt við framfærslu- og bókalán.

**Ár 2012–2013**

Skóli	Skólagjaldalán			Önnur lán *	Veitt lán alls	Fjöldi lánþ.	Meðallán án skólagj.	Meðal-heildarlán
	Fjöldi	(ISK)	Meðal sk.gj.lán					
Háskólinn á Bifröst	29	10.101.990	348.344	44.670.717	54.772.707	29	1.540.370	1.888.714
Háskólinn í Reykjavík	133	9.521.000	71.586	150.451.938	159.972.938	163	923.018	981.429
Keilir	254	77.274.650	304.231	250.377.306	327.651.956	265	944.820	1.236.422
Keilir Akureyri	19	5.820.000	306.316	20.456.300	26.276.300	21	974.110	1.251.252
<b>Samtals:</b>	<b>435</b>	<b>102.717.640</b>	<b>236.133</b>	<b>465.956.261</b>	<b>568.673.901</b>	<b>478</b>	<b>974.804</b>	<b>1.189.694</b>

\*Önnur lán: Hér er aðallega átt við framfærslu- og bókalán.

**Ár 2011–2012**

Skóli	Skólagjaldalán			Önnur lán *	Veitt lán alls	Fjöldi lánþ.	Meðallán án skólagj.	Meðal-heildarlán
	Fjöldi	(ISK)	Meðal sk.gj.lán					
Háskólinn á Bifröst	73	30.422.500	416.747	130.015.157	160.437.657	75	1.733.535	2.139.169
Háskólinn í Reykjavík	124	8.435.000	68.024	114.839.355	123.274.355	146	786.571	844.345
Keilir	257	81.262.642	316.197	290.707.918	371.970.560	279	1.041.964	1.333.228
Keilir Akureyri	14	5.655.000	403.929	22.352.189	28.007.189	15	1.490.146	1.867.146
<b>Samtals:</b>	<b>468</b>	<b>125.775.142</b>	<b>268.750</b>	<b>557.914.619</b>	<b>683.689.761</b>	<b>515</b>	<b>1.083.329</b>	<b>1.327.553</b>

\*Önnur lán: Hér er aðallega átt við framfærslu- og bókalán.

## Ár 2010–2011

Skóli	Fjöldi	Skólagjaldalán		Önnur lán *	Veitt lán alls	Fjöldi lánþ.	Meðallán án skólagj.	Meðalheildarlán
		(ISK)	Meðal sk.gj.lán	(ISK)	(ISK)			
Háskólinn á Bifröst	37	13.826.667	373.694	42.220.816	56.047.483	37	1.141.103	1.514.797
Háskólinn í Reykjavík	79	5.433.000	68.772	74.751.726	80.184.726	95	786.860	844.050
Keilir	225	66.921.182	297.427	212.150.711	279.071.893	237	895.151	1.177.519
Keilir Akureyri	16	6.675.000	417.188	22.504.099	29.179.099	17	1.323.771	1.716.418
<b>Samtals:</b>	<b>357</b>	<b>92.855.849</b>	<b>260.100</b>	<b>351.627.352</b>	<b>444.483.201</b>	<b>386</b>	<b>910.952</b>	<b>1.151.511</b>

\*Önnur lán: Hér er aðallega átt við framfærslu- og bókalán.

7. *Hvaða fagleg greining lá að baki þeirri ákvörðun ráðuneytisins að greiða ekki lengur með nemendum 25 ára og eldri í bóknaði í framhaldsskólum? Hvaða kostnaðar- og ábatagreining lá að baki þeirri ákvörðun?*

Enn er minnt á að misskilnings gætir í fyrirspurninni en ákvörðun ráðuneytisins snýst um að skerpa á forgangsatridum í innritun og um leið á hlutverki framhaldsskólanna og var greiningin miðuð út frá því. Í því kerfi sem ríkt hefur um alllangt skeið er gert ráð fyrir fjögurra ára námi til stúdentsprófs og tveggja til fjögurra ára námi til annarra lokaprófa. Þrátt fyrir það hefur fjöldi nemenda verið jafn mikill og um sex ára námsbrautir væri að ræða. Því er eðlilegt að leita leiða til meiri skilvirkni í kerfinu og um leið geta borið okkur saman við þá námsframvindu sem telst eðlileg í nágrannalöndum okkar. Sá ábati sem hugsanlega myndast við fækkun eldri nemenda yrði nýttur til að hækka framlag á hvern nemanda á þeim aldri sem telja má framhaldsskólaaldur.

8. *Telur ráðuneytið frumgreinanám fullnægjandi grunn fyrir allt háskólanám?*

Í 19. grein laga um háskóla, nr. 63/2006, segir: „Háskólum er heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla.“ Því frelsi fylgir ábyrgð þeirra á að vel sé staðið að þess konar námi. Ráðuneytinu hafa ekki borist kvartanir vegna undirbúnings þessara nemenda og telur að sá valkostur sem hér býðst henti vel tilteknum hópi nemenda. Eftir sem áður er það eitt af helstu hlutverkum framhaldsskólanna að búa nemendur undir háskólanám.